

Skipulagsstofnun  
Þóroddur F. Þóroddsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

UST

Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun um ofangreindum tillögu að matsáætlun

Umhverfisstofnun um ofangreindum tillögu að matsáætlun  
Umhverfisstofnun um ofangreindum tillögu að matsáætlun

Umhverfisstofnun um ofangreindum tillögu að matsáætlun  
Umhverfisstofnun um ofangreindum tillögu að matsáætlun

Umhverfisstofnun
Áb.
15 AUG. 2003
23.0
Tilv. UST20030700208

14. ágúst 2003  
Tilvísun: UST20030700208/6á


**Efni: Vinnsla kalkþörunga í Hrútafirði. Tillaga að matsáætlun.**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 18. júlí sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun skv. 2 mgr. 8 gr. laga nr. 106/2000 og 15. gr. reglugerðar nr. 671/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillöguna.

**Rannsóknir á lífríki**

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að lífríki botns á áhrifasvæði verði rannsakað, straummælingar verði gerðar og áhrif framkvæmdarinnar á félagslega þætti metin. Umhverfisstofnun telur að við rannsóknir og mat á áhrifum vegna dreifingar gruggs skuli fjallað um hugsanleg áhrif á lífríki strandsvæða, í viðbót við það sem lýst er í tillögu að matsáætlun. Jafnframt telur stofnunin að tengslin á milli vals á rannsóknarsvæðum og/eða –sniðum við ofangreindar straummælingar og lífríkisrannsóknir annars vegar og áætlaða staðsetning vinnslusvæða hins vegar þurfi að koma skýrt fram.

Virðingarfyllst,

  
Ólafur Arnason

  
Helgi Jensson